

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/14

nr. 14/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 676/2014 frá 19. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið tríklabendasól ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2014 frá 19. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið kabergólín ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 681/2014 frá 20. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið rafoxaníð ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 682/2014 frá 20. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið klósantel ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 683/2014 frá 20. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið klórsúlón ⁽⁵⁾.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32014 R 0676**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 676/2014 frá 19. júní 2014 (Stjtið. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 5),
- **32014 R 0677**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2014 frá 19. júní 2014 (Stjtið. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 8),
- **32014 R 0681**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 681/2014 frá 20. júní 2014 (Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 11),
- **32014 R 0682**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 682/2014 frá 20. júní 2014 (Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 14),
- **32014 R 0683**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 683/2014 frá 20. júní 2014 (Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 676/2014, (ESB) nr. 677/2014, (ESB) nr. 681/2014, (ESB) nr. 682/2014 og (ESB) nr. 683/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 180, 20.6.2014, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.